

Ávarp framkvæmdastjóra sambandsins við undirritun samninga um sóknaráætlanir landshluta í Ráðherrabústaðnum 10. febrúar 2015

Snemma á árinu 2013 var ég viðstaddur undirritun sóknaráætlana fyrir landshluta og sagði þá að við værum stödd á merkilegum tímamótum. Að mikilvægum áfanga á langri leið væri náð. Þá sagði ég að vonandi gætum við síðar sagt að sá áfangi væri í raun aðeins upphaf leiðarinnar og yrði hún vonandi löng og næði langt inn í framtíðina. Þetta virðist nú vera að rætast og er það mér mikið gleðiefni.

Ég trúí því nefnilega að í dag séum við að stíga mikilvægt gæfuspor í göngu sem verði vonandi hindranalítill og greið. Ég trúí því einnig að ekki verði snúið við af þessari leið. Þetta er leið skynseminnar, leiðin til aukinnar skilvirkni og samvinnu. Þetta er verklag sem eykur ábyrgð fólksins á vettvangi og treystir fulltrúum þess í sveitarstjórnnum.

Við erum komin með farveg fyrir fjármagn í hverjum landshluta fyrir verkefni á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála. Byggt verður á svæðisbundnum áherslum á grundvelli stefnumörkunar í hverjum landhluta. Við ætlum okkur að treysta stoðir jákvæðrar samfélagsþróunar og láta áherslur heimamanna ráða við ráðstöfun fjármagns til mikilvægra mála sem til framfara horfa.

Þegar mér var fyrir sex árum boðið sæti sem fulltrúa sveitarfélaga í stýrinefnd fyrir sóknaráætlun 20/20 skynjaði ég strax þann metnað, framsýni og tækifæri sem fólust í verkefninu. Við keflinu tók síðan svokallað stýrinet stjórnarráðsins vegna sóknaráætlana landshluta og nú starfar stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál að þessu verkefni. Ég hef verið fulltrúi sveitarfélaga í öllum þessum nefndum og tel mig hafa verið sérstaklega heppinn að hafa fengið þetta tækifæri. Ég sé svo sannarlega ekki eftir þeim mikla tíma sem ég hef varið í þetta mál á þessum sex árum. Það sem er sérstaklega áhugavert og jafnframt ánægjulegt við þessar nefndir er að í þeim eru fulltrúar allra ráðuneyta. Þannig fer fram vinna þvert á öll ráðuneyti sem ekki er algengt í stjórnarráðinu eftir því sem að ég best veit. Þetta auðveldar einnig sveitarstjórnarmönnum að eiga samræmd og markviss samskipti við ráðuneytin í gegnum einn farveg. Til viðbótar þessari jákvæðu þróun hefur Byggðastofnun komið mjög sterk inn í þetta samstarf. Stofnunin hefur sýnt og sannað hve faglegt starf á sér stað innan veggja hennar og hefur stofnunin með þessu náð sterkum tengslum við sveitarstjórnarstigið í þessu verkefni.

Löngunin til að bæta vinnubrögð okkar Íslendinga við áætlanagerð, og taka upp alvöru samráð við heimamenn um land allt við gerð byggðaáætlana, var sterk hjá upphafsmönnum sóknaráætlanaverkefnisins. Byggðaáætlanir, sem grunvallaðar eru á forgangsöröðun þeirra verkefna sem heimamenn í héraði telja mikilvægust, er sá undirliggjandi hvati sem hefur fyllt okkur styrk og áræði, sem höfum unnið að framgangi þessa máls.

Ég held að flestir geti verið sammála því að sóknaráætlanaverkefnið styður við aukið lýðræði, það kallar á samráð og samræður og sameiginlega stefnumörkun, sem byggir á víðtækum vilja þeirra sem málin varða hvað mest heima í héraði. Gerð sóknaráætlna landshluta, með þeim hætti sem nú er að þróast, er dæmigert verkefni þar sem virðing fyrir lýðræðinu fær raunverulega og ánægjulega birtingarmynd. Ég veit að þeir sveitarstjórnarmenn, og aðrir heimamenn, sem komið hafa að þróun þessa máls eru flestir mjög ánægðir með gang þess. Stuðningur ríkisstjórnarinnar við þetta verkefni er ómetanlegur og í raun algjör forsenda þessarar jákvæðu þróunar.

Það er óþarfi að leyna því, að í fyrstu voru margir tortryggir og beinlínis neikvæðir gagnvart þessu verkefni. Mennt höfðu vissulega í mörgum tilfellum ástæðu til þess. Það hafa verið gerðar margar áætlanir í tengslum við byggðamál, sem unnar hafa verið að mestu á miðlægum hátt án mikils samráðs við hagsmunaaðila, og hafa síðan endað ónotaðar í hillum, skúffum eða skápum. Oftast vegna þess að ekkert fjármagn fylgdi þeim. Þær voru og eru bara orð á blaði, orð án athafna. Þessu gamladags verklagi hefur nú verið breytt og því í raun ýtt til hliðar.

Fyrst voru einfaldar sóknaráætlanir gerðar en nú er búið að bæta við því fjármagni sem áður fór í vaxtarsamninga og menningarsamninga. Það er í algjöru samræmi við upphaflega hugmyndafræði þessa verkefnis um að samþætta sem flestar áætlanir. Þannig geta þær stutt hver við aðra og betri nýting fjárens hlýtur að eiga sér stað. Fleiri verkefni munu svo örugglega fylgja í kjölfarið og verða hluti sóknaráætlna. Hið nýja verklag er að sanna sig og við hljótum að nýta okkur það á komandi árum. Það kallar á aukið fjármagn inn í þessar áætlanir sem ég treysti á að ríkisstjórnin beiti sér fyrir. Einnig er sérstakt gleðiefni að til standi að festa þetta nýja verklag með lagasetningu.

Við undirbúning að samþættingu vaxtarsamninga og menningarsamninga við sóknaráætlanir komu fram ákveðnar efasemdarraddir, sérstaklega úr menningargeiranum. Einhver hræðsla við að heimamönnum væri ekki treystandi til að ráðstafa og forgangsraða fjármagni til menningarmála. Ég er þess fullviss að þetta er ástæðulaus ótti. Við þurfum ekki að kynna okkur lengi sögu uppbyggingar menningarmála víða um land til að sjá hve heimamenn og sveitarstjórnir hafa sinnt þessum málum vel. Heimamenn þurfa ekki á miðstýringarvaldi úr ráðuneyti að halda til að taka skynsamlegar ákvarðanir í menningarmálum. Á hinn bóginn eru öll góð ráð af hinu góða hvort sem að þau koma frá ráðuneytum eða öðrum sem vilja tilteknum málaflokkum vel. Slík ráðgjöf verður að sjálfsgöðu áfram í boði.

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem þróast hefur eftir ítarlega umfjöllun fjölda sveitarstjórnarmanna á landsþingum þeirra undanfarin áratug, eru ákvæði sem styðja við gerð sóknaráætlna landshluta. Einnig má greina mikla jákvæðni, til hugmyndafræðinnar á bak við þetta nýja verklag og valddreifingu, hjá flestum stjórnarmálaflokkum landsins. Að auki er það sérstaklega ánægjulegt að sjá þess merki í gildandi stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar

hve stuðningurinn við verkefnið er mikill. Einnig hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og skilning, sem ég leyfi mér að þakka sérstaklega fyrir hér.

Við skulum samt hafa í huga að þessi jákvæða þróun er alls ekki sjálfgefin. Hún hefur krafist viðhorfsbreytinga hjá þingmönnum, ráðherrum og starfsmönnum ríkisins í ráðuneytum og stofnunum. Hún krefst þess að allir þessir aðilar sýni heimamönnum í héraði traust og stuðning í þessari lýðræðisþróun. Ýmsir valdhafar og áhrifafólk í ráðuneytum sem fram til þessa hafa séð um útdeilingu skattfjár til einstakra verkefna, stórra sem smárra, þarf að vera tilbúið til þess valdframsals sem verkefnið krefst. Þeirra hlutverk breytist töluvert. Nú verður þetta ágæta fólk að styðja og styrkja heimamenn til að standa vel og lýðræðislega að áætlanagerð og forgangröðun verkefna. Heimamenn þurfa einnig að þroskast í þessu nýja hlutverki og tileinka sér vandaða áætlanagerð.

Heildarstefnumörkunin og stóru markmiðin verða að sjálfsögðu áfram sameiginleg öllum og mótuð á landsgrundvelli, en útfærslan og undirmarkmið verða á ábyrgð heimanna. Þeim er vel treystandi til þess. Það hafa þeir almennt sýnt fram til þessa. Sveitarstjórnarmenn skynja betur en aðrir þarfir nærsamfélagsins og það er þeirra hlutverk að hlúa að því samfélagi með útsjónarsemi, vönduðum og hlutlægum vinnubrögðum og síðast en ekki síst, ástríðu til að þjóna nærsamfélaginu eins vel og kostur er hverju sinni. Treystum þeim áfram til góðra verka og styðjum þá með því að efla hlutverk og áhrif sóknaráætlana landshluta.

Að síðustu þakka ég félögum mínum í stýrihópi stjórnarráðsins og fulltrúum landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrir mikið og ánægjulegt samstarf, og reikna ég að sjálfsögðu með að halda því áfram af miklum krafti næstu árin.

Kærar þakkir.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga